

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1806
komudagur 28.2.2013



UMHVERFISSTOFNUN

Minnisblað

Frá: Umhverfisstofnun

Til: Umhverfisnefndar Alþingis

Dagsetning: 27. febrúar 2013

Efni: Frumvarp til laga um náttúruvernd – kostnaðarmat frumvarpsins

Á fundi með umhverfis- og samgöngunefndar þann 11. febrúar sl. óskaði nefndin eftir því við Umhverfisstofnun að hún gæfi nefndinni sitt mat á þeim kostnaðarauka sem stofnunin gerði ráð fyrir verði frumvarpið að lögum. Umhverfisstofnun telur að stofnunin þurfi að lágmarki um 6 ný stöðugildi vegna nýrra stjórnarsýsluverkefna (3 starfsmenn) og til að sinna gerð umsýsluáætlana (3 starfsmenn, þ.e. 2 fyrir núverandi svæði og 1 fyrir ný svæði) eða um 57 m.kr. árlega. Vegna nýrra umdæmislandvarða um 2 til 7 ný stöðugild eða um 23 m.kr. til um 80 m.kr. Auk þess kemur til annar kostnaður um 30 m.kr. árlega til m.a. aðgerða gegn framandi lífverum, kynningarkostnaður vegna friðlýsinga, hýsing gagna, aðkeypt þjónusta vegna öryggisúttekta o.s.frv. Heildar árleg aukning útgjalda yrði að mati Umhverfisstofnunar um 110 m.kr á ári og gæti orðið allt að 190 m.kr. verði umdæmislandverðir 7 talsins. Í kostnaðarmati fjármála- og efnahagsráðuneytis hefur aukning útgjalda Umhverfisstofnunar, verði frumvarpið að lögum, verið metin á um 32 m.kr á ársgrunni miðað við að stöðugildin verði 3. Fjölgi umdæmalandvörðum úr 2 í 7 aukast útgjöld ríkissjóðs allt að 57 m.kr til viðbótar. Umhverfisstofnun vill benda á eftirfarandi þætti varðandi kostnaðarmatið og mat fjármála- og efnahagsráðuneytis á kostnaði við frumvarpið.

1. Í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytis kemur fram að gert er ráð fyrir að umdæmislandverðir komi að gerð umsýsluáætlana en að bæta þurfi við einum starfsmanni þannig að áætlunum verði lokið á tilsettum tíma. Umhverfisstofnun telur að vinna við gerð hvernar umsýsluáætlunar taki um 3 mánuði en eftir á að vinna um 100 umsýsluáætlanir fyrir friðlýst svæði, þ.e. um 2½ stöðugildi á ári í 10 ár. Gera má ráð fyrir að um 4 ný svæði séu friðlýst á ári og þarf því um eitt stöðugildi í að vinna umsýsluáætlanir fyrir ný svæði. Auk þessara þarf fyrrnefndan starfsmann til að samræma og hafa yfirsýn yfir gerð þessara áætlana. Miðað er við að hver og einn umdæmalandvörður geti unnið um eina umsýsluáætlun á ári með öðrum störfum og skiptir því miklu í þessu mati hvort umdæmalandverðir verði 2 eða 7.
2. Í frumvarpinu er kveðið á um að Umhverfisstofnun eigi að sjá til þess að í boði verði námskeið um náttúruverndarlög og hlutverk náttúruverndarnefnda fyrir fulltrúa nefndanna að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Hér er um nýmæli að ræða miðað við fyrri lög. Áætlaður kostnaður er 7 m.kr. á fjögurra ára fresti og gerir Fjármála- og efnahagsráðuneytið ráð fyrir að sveitarfélögin greiði námskeiðsgjöld til Umhverfisstofnunar fyrir fulltrúa sína. *Umhverfisstofnun bendir á að í núverandi frumvarpi liggur ekki fyrir heimild stofnunarinnar til að taka gjald fyrir námskeiðið.*

3. Í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytis kemur fram að aukin stjórnslásla í frumvarpinu eigi það sammerkt að eiga sér nú þegar stoð í gildandi lögum og að ekki sé í teljandi mæli um ný verkefni að ræða hjá Umhverfisstofnun. Lítur ráðuneytið á að eingöngu sé um að ræða lítils háttar aukningu í umfangi verkefna. Umhverfisstofnun bendir á að í samantekt stofnunarinnar er gert ráð fyrir að umrædd aukning geti falið í sér verkefni fyrir allt að 3 starfsmenn og telur stofnunin nauðsynlegt að hún hafi burði til að sinnum nýjum verkefnum sem henni eru falin.

Umhverfisstofnun vill einnig benda á að unnt er að fresta gildistöku lagaákvæða sem fela í sér nýmæli og fela í sér umtalsverðan kostnað fyrir ríkissjóð eða fella þau út úr frumvarpinu. Stofnunin telur ekki fært að mæta nýjum skyldum án þess að til komi aukið fjármagn.

